

Bókhald Ársreikningagerð



ÍÞRÓTTA- OG
ÓLYMPIÚSAMBAND
ÍSLANDS

SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÞRÓTTAHERAÐA

UMFÍ

Tekið saman og útbúið af Elísabetu Hrund Fjármál UMFÍ

Lög og reglur

[145/1994: Lög um bókhald | Lög | Alþingi](#)

[3/2006: Lög um ársreikninga | Lög | Alþingi](#)

[rsk_1222_2025.is.pdf](#)

[Reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga](#)

[Reglugerð ÍSÍ um fjárreiður](#)

[Bókhaldslyklar Íþróttahreyfingarinnar](#)

[Leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar](#)

[Leiðbeiningar um skattskyldu íþróttastarfsemi](#)



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÞRÓTTAHERADA

UMFÍ

Það eru ákveðin lög og reglur sem fara þarf eftir í bókhaldi og við gerð ársreikninga. Hérna eru nokkrir linkar lög, reglur og leiðbeiningar

[Skattabæklingur KPMG 2026](#)

[Bókhald og tekjuskráning | Skatturinn - skattar og gjöld](#)

[Bókhald | Skatturinn - skattar og gjöld](#)

[Leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður.pdf](#)

[Reglugerð ÍSÍ um fjárreiður - 21112024.pdf](#)

Bókhald

- Fjárhagsáætlanagerð
- Færsla bókhalds
- Fylgiskjöl
- Afstemmingar
- Uppgjör



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍDRÓTTAHERADA

UMFÍ

Af hverju er mikilvægt að hafa bókhaldið í lagi og hver á að sjá um það? Þetta eru t.d. þættir sem þarf að hafa í huga, skoðum hvern lið fyrir sig.

Fjárhagsáætlanagerð

- Mikilvægt að setja upp áætlun fyrir hvert ár
- Í áætlun á að koma fram upplýsingar um fjárhagsleg markmið í rekstri og framkvæmdum
- Hvernig á að ráðstafa og afla fjármuna
- Á hverju ári á að liggja fyrir áætlun sem lögð hefur verið fyrir aðalfund til samþykktar

7. Rekstraráætlun 2025		Áætlun	Raun
		2025	2024
Rekstrartekjur			
Fjárfestun félags		0	0
Framlög og styrkir		0	0
Vörusala		0	0
Æfingagjöld		0	0
Félagsgjöld		0	0
Tekjur af mótum		0	0
Auglýsingatekjur		0	0
Aðrar tekjur		0	0
Rekstrartekjur samtals:		0	0
Rekstrargjöld			
Laun og verktakagreiðslur		0	0
Ferðakostnaður		0	0
Kostnaður vegna móta		0	0
Kostnaður vegna mótahalds		0	0
Húsnæðiskostnaður		0	0
Annar rekstrarkostnaður		0	0
Áhald og tæld		0	0
Félagaskipti		0	0
Sala teltanna		0	0
Styrkir til annarra félaga eða deilda		0	0
Auglýsingar		0	0
Kynningar		0	0
Fræðsla		0	0
Keppnisbúningar		0	0
Æfingabúningar		0	0
Skrifstofukostnaður		0	0
Fundarkostnaður		0	0
Rekstur heimasíðu		0	0
Bókhaldsþjónusta		0	0
Tryggingar		0	0
Annar kostnaður		0	0
Rekstrargjöld samtals		0	0
Fjármagnsláðir			
Vaxtakostnaður		0	0
Vaxta- og bjórnustugjöld		0	0
Fjármagnstekjuskattur		0	0
Hagnaður (tap) ársins		0	0



Í fjárhagsáætlun kemur fram hversu miklum fjármunum skuli ráðstafað til einstakra liða í rekstri félagsins. Gerð til að auðvelda áætlanagerð og eftirlit innan félagsins.

Áætla tekjur og kostnað (föst og breytileg gjöld) næsta árs. Stjórn settur upp áætlun fyrir næsta ár og á sú áætlun að vera gerð út frá raun tölum ársins á undan.

Áætlun þarf að vera samþykkt af stjórn félagsins og hægt væri að sýna hana á aðalfundi en það er þó ekki krafa.

8. Samanburður rekstrar við fjárhagsáætlun		
	Áætlun	Raun
	2025	2025
Rekstrartekjur		
Framlög og styrkir		0
Tekjur af mótum		0
Aðrar tekjur		0
Rekstrartekjur alls	0	0
Rekstrargjöld		
Løn og verktakagreiðslur		0
Þátttaka í mótum		0
Kostnaður vegna mótahalds		0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		0
Annar rekstrarkostnaður		0
Rekstrargjöld alls	0	0
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur		0
Fjármagnstekjuskattur		0
Vaxtagjöld		0
	0	0
Hagnaður/(tap) ársins	0	0



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERADA

UMFÍ

Hérna er samanburður á rekstrarreikningi og áætlun sem hafði verið gerð fyrir sama ár

Færsla bókhalds

Bókhaldsjafnan sýnd á T-reikninga formi:

- Fjárreiður félaga
 - Tekjur og gjöld
 - Innheimta
 - Greiðslur og samþykki reikninga
- Halda utan um öll gögn og allar bankafærslur á skipulagðan hátt
 - Excel
 - Bókhaldskerfi
- Geyma peningalegar eignir í banka
- Nota t.d. debetreikning fyrir það fé sem notað er í daglegum rekstri
- Geyma þarf bókhaldsgögn í 7 ár

Eignir		=	Skuldir		+	Eigið fé	
Debit	Kredit		Debit	Kredit		Debit	Kredit
+	-		-	+		-	+



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTANÉRAÐA

UMFÍ

Hlutverk þess sem sér um bókhaldið, hvort sem það er aðili í sjálfboðavinnu sem gjaldkeri eða aðili sem er fengin er til að halda utan um bókhaldið, er að safna saman upplýsingum um öll þau viðskipti sem félagið á við umhverfi sitt og allar hreyfingar á fjármagni og fjármunum. Tilgangur með bókhaldinu er að auðvelda stjórnendum að greina hvað það er sem á sér stað innan félagsins, hvort reksturinn skilar hagnaði, hve miklir peningar eru handbærir o.s.frv.

Bókhald, er skipuleg skráning á öllum viðskiptum félaga og fyrirtækja í þar til gerðar bækur eða tölvuforrit. – Tvíhliða bókhald, sem þýðir að hver einstök viðskipti eru skráð á tvo reikninga, og þá alltaf í debethlið annars og kredithlið hins. Mikilvægt að færa alltaf jafnmikið í debet og kredit. 4 grundvallarlyklar bókhalds eru eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Það er nauðsynlegt að halda utan um öll gögn og allar bankafærslur á skipulagðan hátt. Bókhaldið þarf að vera þannig skipulagt að upplýsingar séu aðgengilegar með skömmum fyrirvara.

Hægt er að hafa einfalt Bókhald í Excel en best er að nota bókhaldskerfi:

- Excel – ef umfang félaga er lítið en mikilvægt að vera með tvíhliða bókhald.
- Bókhaldskerfi – nauðsynlegt hjá meðalstórum og stærri félögum.

Námkvæmnis vinna og góður grunnur í bókhaldi einfaldar gerð ársuppgjörs og ársreiknings.

Fylgiskjöl

- Nauðsynlegt að halda utan um öll gögn og allar bankafærslur á skipulagðan hátt
- Færslur gjalda og tekna á að staðfesta með frumritum / fylgiskjöllum
- Fylgiskjöl á að tölu setja og raða í möppu eftir því



Reikningar þurfa að vera til staðar, ekki er nóg að leggja bara fram greiðslukvittun
Fylgiskjöl skal varðveita á aðgengilegan og öruggan hátt að minnsta kosti í sjö ár

Afstemmingar

- Það er mikilvægt að stemma af bókhald
- Tryggir að bókhaldið endurspegli sanna fjárhagsstöðu
- Veitir áreiðanlegar fjárhagslegar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir stefnumótun, ákvarðanatöku og betri fjárhagsáætlun
- Stemma af reglulega yfir árið:
 - Bankareikninga
 - Kortareikninga
 - Laun og launatengd gjöld
 - Skuldunauta
 - Lánadrottna



SVÆÐISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTANÉRAÐA

UMFÍ

Ef bókhaldið á að virka er nauðsynlegt að það sé samviskusamlega fært.

Afstemming er mikilvægt ferli í bókhaldi og fjármálum sem tryggir nákvæmni og samræmi fjárhagsgagna. Í sinni einföldustu mynd felst afstemming í því að bera saman tvö sett af fjárhagsgögnum - svo sem bankayfirlit og fyrirtækjabókhald - til að bera kennsl á misræmi og villur. Fyrsta skrefið í afstemmingarferlinu er að safna saman viðeigandi fjárhagsgögnum. Þetta getur verið bankayfirlit, reikningar, kvittanir og greiðsluskrár. Það er mikilvægt að tryggja að öll gögn séu uppfærð og nákvæm áður en haldið er áfram.

Þegar gögnunum hefur verið safnað er næsta skref að bera saman færslurnar. Misræmi getur komið upp úr ýmsum áttum, þar á meðal týndum færslum, tvíteknum færslum eða villum í upphæðum. Að bera kennsl á þessi misræmi er mikilvægt til að leysa úr málum tafarlaust.

Mikilvægt að hafa þekkingu og reynslu af starfi félagsins til að vita hvort tekjur eða gjöld séu færð á rétta bókhaldslykla.

Ársreikningur



Skoðum núna nánar uppbyggingu á ársreikningi eftir að búið er að stemma af bókhaldið og tryggja að ekkert misræmi sé til staðar.

Ársreikningur

- Veita gagnlegar upplýsingar til núverandi og væntanlegra stjórnarfólks og sjálfboðaliða
- Stjórn félags skulu árita ársreikninga
- Líka skoðunarmenn eða endurskoðendur
- Ársreikningur skal lagður fram og afgreiddur á aðalfundi/árspingi



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERADA

UMFÍ

Ársreikningur gefur glögga mynd af afkomu og fjárhagsstöðu félagsins og veitir gagnlegustu upplýsingarnar um stöðu þess.

Stjórn ber ábyrgð á gerð og framsetningu ársreiknings en ábyrgð gjaldkera er mikil á fjárreiðum félagsins, að færslur hafi verið rétt færðar og búið sé að stemma af. Útbúa þarf ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerðir og settar reikningsskilareglur eftir því sem á við.

Ársreikningur þarf að vera samþykktur af stjórn og skoðunaraðilum og lagður fyrir á aðalfundi til afgreiðslu.

Þetta er í raun eitt skjal sem birtir allar helstu upplýsingar sem snúa að fjárhagi þess.

Ársreikningur

- Skýrsla stjórnar
- Áritun
- Rekstrarreikningur
- Efnahagsreikningur
- Sjóðstreymi
- Skýringar



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERADA

UMFÍ

Ársreikningur hefur yfirleitt að geyma skýrslu stjórnar, áritun eða endurskoðenda, rekstrar reikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Skýrsla stjórnar

- Upplýsa um aðalstarfsemi
- Yfirlit um þróun, stöðu og árangur í rekstri
- Fer eftir stærð og umfangi



Í skýrslu stjórnar skal upplýsa um aðalstarfsemi og gefa yfirlit yfir þróun, stöðu og árangur í rekstri félagsins ásamt lýsingu á megináhættu- og óvissupáttum sem það stendur frammi fyrir. Hversu ítarlegar upplýsingar þarf að veita ræðst m.a. af því hversu margbrotin starfsemin er, umfangi rekstrar og stærð viðkomandi félags.

Áritanir

- Áritun stjórnarmanna
- Áritun skoðunaraðila eða endurskoðanda



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERADA

UMFÍ

Áritun stjórnarmanna

Áritun skoðunarmanna eða endurskoðanda

þarf að fylgja ársreikningum ef við á. Felst í því að aðilarnir hafi skoðað gögn sem ársreikningurinn byggir á.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum.

Ársreikningur

1. Rekstrarreikningur (rekstrarliðir)
 - Tekjur
 - Gjöld
2. Efnahagsreikningur (efnahagsliðir)
 - Eignaliðir
 - Skuldaliðir
3. Sjóðstreymi (á greiðslugrunni) – val



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTANÉRAÐA

UMFÍ

Ársreikningur er byggður upp á rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi.

Rekstrarreikningur sýnir hvernig staðan breytist á milli tveggja tímapunkta, t.d. 1.1.202X -31.12.202X.

Efnahagsreikningur – stöðumynd sem tekin er á tilteknum tímapunkti, t.d. 31.12.202X, sýnir eignir, skuldir og eiginfjárreikninga á tiltekinni dagsetningu.

Sjóðstreymi – dregur saman upplýsingar varðandi flæði handbærs fjár á tilteknu tímabili: rekstrarhreyfingar, fjárfestingahreyfingar, fjármögnunarahreyfingar. Hver er staðan í upphafi, hver er staðan eftir það og það flyst yfir á næsta ár. Við förum ekki sérstaklega yfir sjóðstreymi í dag.

Debet og kredit

	<u>Efnahagsreikningur</u>				<u>Rekstrarreikningur</u>			
	<u>Eignir</u>	=	<u>Skuldir</u>	+	<u>Eigið fé</u>	<u>Tekjur</u>	-	<u>Gjöld</u>
Debit								
Kredit								



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERAÐA

UMFÍ

Þetta þarf alltaf að vera jafnt, hver og einn reikningur á að hækka eftir ákveðnu kerfi.

Eignir – Debet hækkar og kredit lækkar

Skuldir – Debet lækkar og kredit hækkar

Rekstrarreikningur



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERADA

UMFÍ

Við fórum lítillega yfir hvað rekstrarreikningur er áðan en þetta er yfirlit yfir rekstur félagsins yfir ákveðinn tíma, eitt ár, ársfjórðung eða mánuð, við erum að skoða þetta miðað við eitt ár.
Skoðum þetta betur.

Rekstrarreikningur

- Rekstrarreikningur skal saminn á kerfisbundinn hátt og sýnir ákveðið tímabil
- Á að sýna heildartekjur og heildargjöld þannig að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félags, glöggva mynd af því, hvernig hagnaður eða tap á reikningsárinu hefur myndast
- Skýringar notaðar til þess að sundurliða betur ýmsa liði

5. Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	1		
Tekjur af mótum	2		
Aðrar tekjur	3		
Rekstrartekjur alls		0	0
Rekstrargjöld			
Laun og verktakagreiðslur	4		
Þátttaka í mótum	5		
Kostnaður vegna mótahalds	6		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7		
Annar rekstrarkostnaður	8, 9, 10		
Rekstrargjöld alls		0	0
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur			
Fjármagnstekjuskattur			
Vaxtagjöld		0	0
Hagnaður/(tap) ársins		0	0



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTANÉRAÐA

UMFÍ

Rekstrarreikningur er sá hluti ársreiknings sem gefur upplýsingar um tekjur, gjöld og afkomu félagsins.

Hann nær yfir árstímabil, og er megintilgangur hans að sjá hvort starfsemi félagsins hafi skilað hagnaði eða tapi.

Rekstrartekjur eru birtar fyrst, síðan er dreginn frá kostnaður, fjármagnsgjöld og að lokum skattar. Niðurstaðan er hreinn hagnaður eða tap.

Að skilja rekstrarreikning gerir okkur kleift að greina hvort félag er að skila hagnaði eða ekki, hvaða tekjurnar koma og hvaða kostnaðarliðir eru þyngstir fyrir félagið. Hjálpar stjórnendur við hann að taka upplýstar ákvarðanir um stefnu félagsins.

Rekstrarreikningur - tekjur

- Tekjur af aðalstarfsemi – rekstrartekjur
 - Framlög og styrkir
 - Tekjur af mótum
- Aðrar rekstrartekjur, t.d.
 - Auglýsingatekjur
 - Húsa- og vallarleigutekjur
 - Tekjur af félagsgjöldum
 - Tekjur af æfingagjöldum



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERADA

UMFÍ

Mynda brúttó aukningu í eigið fé vegna meginstarfsemi félagsins (**Tekjur án nokkurs frádráttar**)

Myndast við sölu á vörum, þjónustu, eignaleigu

Mynda venjulega á aukningu í eignum eða lækkun í skuldum

Leggja skal allar tekjur inn á bankareikning- Forðast seðla. Millifærslur eru rekjanlegri.

Fært á rekstrarreikning í kredit. Tekjur geta einnig myndast af öðru en sölu vöru eða þjónustu t.d. ef seldar eru eignir sem mynda söluhagnað eða ef félagið lánar fé þá eru vextir af útlánuðu fé, vaxtatekjur.

Rekstrarreikningur - gjöld

- Allur kostnaður við rekstur félags
 - Laun og launatengd gjöld
 - Allar launagreiðslur til starfsmanna, hverju nafni sem þær nefnast. Einnig áunnin ógreidd launaréttindi eins og orlof
 - Felur jafnframt í sér hvers konar greiðslur til stéttarféлага eða opinberra aðila sem rekja má til launagreiðsla eða starfsmanna (s.s. mótramlag í lífeyrissjóð, tryggingagjald og framlag launagreiðanda til stéttarféлага)
 - Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður
 - Beinn kostnaður við sölu og stjórnun
 - Ýmis starfsmannakostnaður, gjafir, fundir, árshátíð
 - Ýmis skrifstofukostnaður, auglýsingar, fræðsluefni o.fl.



Mynda brúttó lækkun í eigin fé vegna athafna sem tengjast meginstarfsemi félagsins:

- Getur verið launakostnaður, sérfræðikostnaður, leigugjöld, rekstrarvörur, viðhaldskostnað o.fl

Kostnaður vegna eigna eða þjónustu sem falla að meginstarfsemi

- Valda venjulega aukningu í skuldum eða lækkun á eignum

Ekki greiða gjöld sem eru ekki með fylgiskjöl, t.d. borga vegna vinnu eða þjónustu þegar reikningur hefur borist.

Borga allan kostnað út af bankareikningi ekki með peningum. Forðast seðla.

Millifærslur eru rekjanlegri.

Eignfærsla eða Gjaldfærsla: kostnaður við meiri háttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærðar

þegar þær hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verði lengri.

Gjaldfærsla : sá kostnaður sem fellur til jafnt og þétt til að viðhalda afkastagetu fjármuna á líftíma þess er færður til gjalda í rekstri.

Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, skal færa til skuldar í efnahagsreikning.

Rekstrarreikningur – gjöld ^{frh}

- Annar rekstrarkostnaður
 - Kostnaðarliðir sem ekki falla undir aðra liði rekstrarreikningsins og nema óverulegum fjárhæðum
 - Opinber gjöld eins og kostnaður vegna stofnunar einkahlutafélags og útvarpsgjald
- Afskriftir
 - Felur í sér árlegar kerfisbundnar afskriftir á áætluðum endingartíma varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna
 - Afskrifaðar tapaðar kröfur færast ekki á þennan lið
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
 - Vaxtatekjur
 - Vaxtagjöld
 - Afföll
 - Tekjur af hlutabréfaeign í öðrum félögum
 - Verðbætur og gengismunur af eignum og skuldum



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTANÉRAÐA

UMFÍ

Efnahagsreikningur



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERAÐA

UMFÍ



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERAÐA

UMFÍ

Fjárhagslegt yfirlit sem sýnir mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma, í lok ákveðins tímabils. - Skoðum þetta betur

Efnahagsreikningur

- Á að gefa glöggva mynd af eignum, skuldum og eigin fé félags í lok reikningsárs
- Efnahagsreikningurinn er flokkaður niður í ákveðna undirhópa:
 - Eignir
 - Eigið fé og skuldir
- Hérna þarf allt að stemma
 - Eignir = Eigið fé + skuldir

6. Efnahagsreikningur 31.12.2025

	2025	2024
Eignir		
<i>Fastfjármunir</i>		
Fasteignir		
Tölvubúnaður, innvættingar og áhöld		
Fastfjármunir alls	0	0
<i>Veltufjármunir</i>		
Vilðskiptaskuldir		
Handbært fé		
Veltufjármunir alls	0	0
Eignir samtals	0	0
Eigið fé og skuldir		
<i>Eigið fé</i>		
Orðsæfing eigið fé frá fyrra ári	0	
Hagnaður (tapp) ársins	0	
Eigið fé alls	0	0
<i>Langtímaskuldir</i>		
Langtímaskuldir		
<i>Skammtímaskuldir</i>		
Ógreidd starfsmannagjöld		
Ógreiddir styrkir		
Vilðskiptaskuldir		
Skammtímaskuldir alls	0	0
Eigið fé og skuldir samtals	0	0



Efnahagsreikningur er hluti ársreiknings sem sýnir hvað félagið á (eignir) og hvað það skuldar (skuldir) á loka degi rekstrarárs, oftast 31. desember. Hann sýnir líka eigið fé, sem er mismunur á eignum og skuldum. Sýnir fjárhagsstöðu og greiðsluhæfi þess.

Eins og ljósmynd af rekstrinum á ákveðnum tímapunkti í lok árs.

Bendir á hvort félagið sért of skuldsettu, hvort það eigir nægt handbært fé til að mæta skuldbindingum, eða hvort hlutfall eigna og skulda sé í heilbrigðu jafnvægi.

Lestur á efnahagsreikningi felur í sér að greina tengsl eigna, skulda og eigin fjár.

Efnahagsreikningur

- Eignir eru verðmæti sem fyrirtæki ræður yfir og hafa orðið til á grundvelli viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað. Í þessum verðmætum felst hæfi til að afla fyrirtækinu tekna í framtíðinni.
- Skuldir eru kvaðir á fyrirtæki til að láta af hendi eignir eða veita þjónustu í framtíðinni vegna viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað. Skuld skal aðeins skrá ef líklegt þykir að til greiðslu hennar komi.
- Eigið fé er sú fjárhæð sem eftir verður þegar skuldir hafa verið dregnar frá eignum



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍDRÓTTAHEÐAÐA

UMFÍ

Eins og kom fram á síðustu glæru er efnahagsreikningurinn flokkaður niður í ákveðna undirhópa, Eignir - Eigið fé og skuldir
Efnahagsreikningur er samsettur af eignum annars vegar og skuldum og eigin fé hins vegar.

Eignir

- Fastafjármunir
 - Eignir sem eru ætlaðar til varanlegra eignar og notkunar
 - Húseignir
 - Bifreiðar, innréttingar, tæki og áhöld
- Veltufjármunir
 - Birgðir
 - Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur
 - Handbært fé



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERADA

UMFÍ

Eignir tákna allt sem félagið á sem hefur fjárhagslegt gildi. Allir sjóðir sem félagið á til þess að halda rekstrinum gagnandi, skiptist í:

Veltufjármunir, fjárhagslegar uppsprettur sem hægt er að umbreyta í handbært fé innan árs.: Handbært fé, birgðahald, skammtímafjárfestingar

Fasta fjármunir, eignir sem eru ætlaðar til varanlegrar eignar og notkunar: Vélar, byggingar, land og tæki

Hjá stærri fyrirtækjum gæti einnig komið fram óáþreifanlegar eignir: Einkaleyfi, vörumerki, viðskiptavild

Eigið fé og skuldir

- Eigið fé
 - Hlutfé
 - Lögbundinn varasjóður
 - Uppsafnaður gengismunur
 - Óráðstafað eigið fé
- Skuldir
 - Langtímaskuldir – skuldir með gjalddaga eftir lengri tíma en eitt ár
 - Skammtímaskuldir – skuldir með gjalddaga innan eins árs



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTANÉRAÐA

UMFÍ

Eigið fé er skuldareikningur, hann sýnir hve mikið er til í félaginu eftir að skuldir hafa verið dregnar frá eignum.

Eigið fé = Heildareignir – Heildarskuldir

Ef eignir eru hærri en skuldir, er eigin fjárstaðan jákvæð en ef skuldir eru hærri en eignir, þá er eigin fjárstaðan neikvæð.

Táknar eignarhlut í félaginu: sameiginlegur stofn, óráðstafað eigið fé og viðbótar innbargað fjármagn.

Skuldir eru fjárhagslegar skuldbindingar sem félagið verður að uppfylla, þar á meðal eru:

Langtímaskuldir: Lán, skuldabréf til greiðslu, lífeyrisskuldbindingar

Skammtímaskuldir: Viðskiptaskuldir, skammtímaskuldir, skattar til greiðslu

Skýringar Sundurliðanir



ÍÞRÓTTA- OG
ÓLYMPIÚSAMBAND
ÍSLANDS

SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÞRÓTTAHERAÐA

UMFÍ



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÞRÓTTAHERAÐA

UMFÍ

Í skýringum í ársreikningi skal veita nauðsynlegar upplýsingar og sundurliðanir með vísan til viðeigandi liða í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og sjóðstreymisyfirliti. Skýringar eigi yfirleitt við um upplýsingar sem settar eru fram í texta, reikningsskilaaðferðum en sundurliðanir tölulegar upplýsingar sem útskýra ákveðna liði í ársreikningnum.

Eiga að koma fram í þeirri röð sem viðkomandi liður eru settir fram í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Auka almennt eða skýra þau atriði sem sett eru fram á ársreikningum. Í skýringunum er gerð grein fyrir atriðum tengdum rekstrinum og ástæður ákvarðana rökstuddar. Ef ársreikningurinn gefur ekki fullnægjandi mynd af afkomu og stöðu fyrirtækisins ættu skýringar að veita viðbótarupplýsingar sem þarf.

Sundurliðanir á rekstri

- Mikilvægt að sundurliða vel vegna mismunandi tekna og gjaldaliða

7. Sundurliðanir		
Rekstrartekjur	2023	2024
Tekjur ársins sundurliðast þannig	-	-
1 Framlög og styrkir alls		
Styrkir sveitarfélaga	-	-
Styrkir IS	-	-
Styrkir UMFI	-	-
Aðrir styrkir	-	-
2 Tekjur af mótum alls		
Þátttökugjöld	-	-
Aðgangseyrir	-	-
Aðrar tekjur af mótum	-	-
3. Aðrar tekjur alls		
Auðýsingatekjur	-	-
Húsa- og veitarfélags tekjur	-	-
Tekjur af félagsgjöldum	-	-
Tekjur af æfingagjöldum	-	-
Fjárfantir	-	-
Vörusala	-	-
Ymsar aðrar tekjur	-	-
Rekstrartekjur alls	-	-
Rekstrargjöld		
4. Laun og verktakagreiðslur alls		
Laun	-	-
Launatengd gjöld	-	-
Þíðreðistyrkir og önnur hlunnindi	-	-
Verktakagreiðslur	-	-
5. Þátttaka í mótum alls		
Ferðakostnaður innanlands	-	-
Ferðakostnaður erlendis	-	-
Annar kostnaður vegna þátttöku í mótum	-	-
6. Kostnaður vegna mótahalds alls		
Ferðakostnaður innanlands	-	-
Ferðakostnaður erlendis	-	-
Annar kostnaður vegna þátttöku í mótum	-	-
7. Skrifstofu- og stjórnumarkostnaður		
Skrifstofukostnaður	-	-
Fundarkostnaður	-	-
Rekstur heimasíðu	-	-
Bókhalðsjónusta	-	-
Tryggingar	-	-
Annar skrifstofu- og stjórnumarkostnaður	-	-



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTANÉRAÐA

UMFÍ

Almannaheillaskrá

- Skrá hjá Skattinum, sótt um inni á skattur.is
- Skattalegir hvatar – niðurfelling á fjármagnstekjuskatti
- Almenn skilyrði sem þarf að uppfylla:
 - Samþykktir félagsins þurfa að liggja fyrir hjá fyrirtækjaskrá
 - Raunverulegir eigendur félagsins þurfa að vera skráðir
 - Engin vanskil vegna opinberra gjalda, skatta eða sekta



SVÆDISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERADA

UMFÍ

Skráning Almannaheillafélaga

Ýmiss konar kostir fylgja því fyrir félög að vera á Almannaheillaskrá. Skráningin veitir víðtækar undanþágur frá skattlagningu, undanþágu frá tekjuskatti, fjármagnstekjuskatti og erfðafjárskatti auk endurgreiðslu á virðisaukaskatti á vinnu iðnaðarmanna við húsnæði sem alfarið er í eigu viðkomandi félags og svo má lengi telja.

Þá geta íþrótt- og ungmennafélög á landinu sem eru á skránni nýtt frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna gjafa og framlaga til lögaðila sem uppfylla tiltekin skilyrði og eru í almannaheillaskrá Skattsins.

Svæðisstöðvar íþróttahéraða

- [Siu.is](https://siu.is)
 - Verkfærakista



SVÆÐISSTÖÐVAR
ÍÐRÓTTAHERAÐA

UMFÍ

Mig langar að benda ykkur á heimasíðuna siu.is en þar er verið að útbúa verkfærakistu og nú þegar er komið fullt af efni sem hjálpar ykkur í starfi.